

**Nd.**

## **56. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 29, 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Flutningsm.: Jakob Möller.

1. gr.

Á eftir 2. málsgrein 2. gr. laga nr. 29, 14. nóv. 1917, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Eins er bæjarstjórnnum heimilt að gera samþykktir um lokunartíma sölubúða og sölustaða, þar sem innlendar vörur eða innlendir varningur er hafður á boðstólum, t. d. konfektbúða, og um lokunartíma vinnustofa, sem bafa viðskifti við almenning, svo sem rakarastofur, þótt enginn varningur sje þar seldur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1925.

### **Greinargerð.**

Frv. þetta er samhljóða frv., sem samþykkt var í neðri deild á síðasta þingi, en felt athugunarlitíð í efri deild. Frv. er upphaflega flutt á þingi samkvæmt ósk Rakarafjelags Reykjavíkur, og hefir fjelagið nú enn á ný mælst til þess, að slík heimildarlög verði sett. Fer hjer á eftir brjef fjelagsins, er að þessu lýtur.

### **Fylgiskjal.**

Undirritað »Rakarafjelag Reykjavíkur« leyfir sjer hjer með að beina þeirri ósk til hins háa Alþingis, er nú stendur yfir, að það samþykki heimildarlög til bæjarstjórnar Reykjavíkur um það, að ákveða megi með reglugerð um lokanir á rakarastotum hjer í bæ.

Ástæður þær, er Rakarafjelag Reykjavíkur telur styðja þessa málaleitun sína, eru aðallega þessar.

Í öllum nágrannalöndunum eru komin föst lagaákvæði um lokanir, er bæði ná til sölubúða og rakarastofa. Hjer í bæ gildir, samkvæmt heimild í lögum, reglugerð um lokun sölubúða, en ákvæði hennar ná ekki til rakarastofanna. Virðist þó engu minni nauðsyn á, að fastar reglur sjeu settar um þessar starfstofur. Vinnutími á rakarastofum hjer í bænum er alment svo langur, að vjer teljum að ekki megi vera lengri, til þess að starfið verði vel af hendi leyst.

Ef vinnutíminn er misjafnlega langur á rakarastofunum, veldur það óánægju, bæði meðal rakaranna sjálfra og eins meðal viðskiftamannanna. En eins og þessu er nú háttað, hafa rakarastofur þær, sem eru utan fjelags vors, bæði lengur opið á kvöldin, og eins á sunnudögum, þegar rakarastofur fjelaganna eru allar lokaðar. En aftur á móti sjáum vjer enga ástæðu til þess, að unnin sje helgidagavinna fram yfir það, sem nauðsynlegt er (þegar tveir helgidagar fara saman í röð). Eftir því, sem fleiri ráðast til rakarastarfa, verður meiri þörf á föstu skipulagi og ákvæðum um þessa iðn, er bæði tryggi það, að vinnutími verði ekki óhæfilega langur, og eins hitt, að einstakir rakarar geti ekki haldið uppi óhæfilegri samkepni.

Af þessum ástæðum, og öðrum fleiri, er vjer hirðum eigi upp að telja, álitum vjer óskir vorar í þessu efni á fylstu rökum og sanngirni reistar, og treystum hinu háa Alþingi til þess að ráða fram úr máli þessu á sem heppi-legastan hátt.

Reykjavík, 16. febrúar 1925.

Virðingarfylst.

Í umboði »Rakaraþjelags Reykjavíkur«.

Eyjólfur Jónsson. Mogens L. Andersen. Elias Jóhannesson. Sigurður Ólafsson.

Til Alþingis.